

Lesefni við lokahátíðir
Stóru upplestrarkeppninnar
í 7. bekk

2017–2018



Skáld keppninnar
Ólafur Jóhann Sigurðsson
og Sigrún Eldjárn

Raddir,
samtök um vandaðan upplestur og framsögn
febrúar 2018

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur, Þórði Helgasyni og Baldri Sigurðssyni til flutnings á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk vorið 2018.

Búningur sögunnar eftir Sigrúnu Eldjárn er miðaður við munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar er það aðlagð örlítið og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

Efni kversins

Inngangur — leiðbeiningar	4
<i>Um val á lesköflum</i>	<i>4</i>
<i>Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð</i>	<i>5</i>
<i>Um röð flytjenda.....</i>	<i>5</i>
<i>Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð.....</i>	<i>6</i>
Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni	
<i>Strokubörnin á Skuggaskeri eftir Sigrúnu Eldjárn</i>	7
<i>Inngangur kynnis</i>	<i>7</i>
<i>Krakkar frá Austurhlíð í örlitlum báti í skerjagarðinum.</i>	<i>8</i>
Önnur umferð: Ljóð eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson.....	26
<i>Inngangur kynnis</i>	<i>26</i>

Inngangur — leiðbeiningar

Um val á lesköflum

Hér birtist skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar vorið 2018. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali.

Í fyrstu umferð verða fluttar svipmyndir úr sögunni *Stroku-börnin á Skuggaskeri* eftir Sigrúnu Eldjárn. Þessum svipmyndum er hér skipt í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Til þess að sem best samhengi fáist í flutninginn er mælt með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

8 lesarar	4-11 eða 11-18
9 lesarar	4-12 eða 10-18
10 lesarar	2-11 eða 7-16
11 lesarar	1-11 eða 7-17
12 lesarar	1-12 eða 7-18
13 lesarar	4-16
14 lesarar	4-17
15 lesarar	4-18
16 lesarar	1-16
17 lesarar	1-17
18 lesarar	1-18

Flytjendur fá að undirbúa þá kafla sem fluttir verða á hverri hátíð í viku til tíu daga. Á lokaæfingu, eða daginn fyrir loka-hátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

Í annarri umferð lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson. Þeir skulu velja eitt af þeim tíu ljóðum sem prentuð eru í þessu hefti. Gott er að val nemenda dreifist á sem flest ljóð.

Í þriðju umferð lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt. Gott er að kennarar hvetji nemendur til að velja ljóð utan skólabóka.

Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að sögu Sigrúnar Eldjárn, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að ljóðunum eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð segir kynnir í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftar og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð,
flytjendur þeirra og röð

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____

Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni *Strokubörnin á Skuggaskeri* eftir Sigrúnu Eldjárn

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar að þessu sinni eru þau Ólafur Jóhann Sigurðsson og Sigrún Eldjárn.

Sigrún Eldjárn fæddist í Reykjavík árið 1954. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1974 og síðan prófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1977. Sigrún hefur myndskreytt fjölda bóka en fyrsta barnabók hennar *Allt í plati* kom út árið 1980. Bækur Sigrúnar hafa notið mikilla vinsælda og flestir krakkar þekkja bækur hennar um Kugg, Mosa og mæðgurnar, langafa prakkara og Teit tímaflakkara. Hún hefur hlotið Barnabókaverðlaun Reykjavíkur þrisvar sinnum og auk þess hefur hún unnið til Sögusteins — barnabókaverðlauna IBBY á Íslandi og menningarverðlauna VISA. Einnig hefur hún verið tilnefnd til Norrænu barnabókaverðlaunanna.

Við heyrum nú lesna kafla úr bókinni *Strokubörnin á Skuggaskeri*. Einu sinni voru Austurhlíð og Vesturhlíð friðsæl þorp þar sem gott var að búa. En nú er skolið á stríð milli þeirra og fullorðna fólkið allt orðið stórskrítið. Systkinin Lína og Hringur ákveða að flýja að heiman á heimasmiðuðum báti. Áfangastaðurinn er *Skuggasker* — draugaleg eyja úti við sjóndeildarhring sem allir eru hræddir við. Hvað bíður þeirra núna? Hvar munu þau lenda og hvernig reiðir þeim af? Hvað ber framtíðin í skauti sér? Það hafa þau ekki neina hugmynd um! Hvað sem því líður eru þau núna börn á flótta.

Góða skemmtun!

1.

Krakkar frá Austurhlíð á örlitlum báti í skerjagarðinum

Þau eru fjögur á bátnum. Undir vatnsheldum dúk kúra tvær stórar strigatöskur, úttroðnar af mat, fatnaði, teppum og fleiri vel völdum og nauðsynlegum hlutum. Töskurnar eru kirfilega njörvaðar niður með sterku snæri sem er bundið þvers og kruss og hnýtt alls kyns flóknum hnútum. Báturinn er ósköp lítið og skrítið grey. Sennilega er hann líka alltof mikið hlaðinn. Í rauninni er varla hægt að kalla þetta bát, hann líkist meira fleka eða pramma ... en hann flýtur þó alveg lygilega vel.

Hringur og Lína eyddu mörgum vikum og lögðu mikla vinnu og erfiði í að skapa þennan farkost. Fyrst leituðu þau sér upplýsinga um hvernig best væri að gera hann. Þau skoðuðu myndir í gömlum, snjáðum bókum á bókasafninu og líka á hinum og þessum vefsíðum á netinu. Því næst gerðu þau ótal teikningar og riss og alls kyns flókna útreikninga til að tryggja að báturinn yrði vel traustur og sem allra best úr garði gerður. Þegar teikningarnar voru klárar fóru þau að safna að sér efniviði. Þau hirtu allt sem gat mögulega nýst þeim: rekavið, gamlar kassafjalir, tóma plastbrúsa og olíutunnur ásamt fleira dóti og drasli af ýmsu tagi.

2.

Það þarf að hyggja að mörgu þegar gera skal bát sem flýtur almennilega en sekkur ekki bara á bólakaf í hafdjúpið.

Þar við bættist að allt varð þetta að gerast með mikilli leynd. Enginn mátti komast að áformum þeirra. Nei, ekki nokkur lifandi sála!

Þegar báturinn var loksins tilbúinn hugsuðu þau sig vel og vandlega um en gáfu honum svo nafnið *Happadís*. Nafngjöfin átti sér stað við hátíðlega athöfn langt inni í þéttu skógarrjóðri skammt frá ánni. Þau völdu þetta nafn í von um að heppnin fylgdi þeim nú þegar þau leggja af stað út í óvissuna. Þau prófuðu Happadísina nokkrum sinnum í afskekkttri vík við ána en þetta eru fyrstu kynni hennar af hinu stóra hafi.

Þótt Lína og Hringur séu tvíburar eru þau samt ekkert sérstaklega lík. Hvorki í útliti né háttum. Hún er dökkhærð og brúneygð, frekar smávaxin en furðu sterk og lipur. Hún er oft óþolinmóð og þarf stöðugt að hafa eitthvað fyrir stafni. Hann er mun rólegri ... kannski hugsar hann þess vegna meira, hver veit? Hann er bláeygður, ljós yfirlitum og um það bil hálfu höfði hærri en hún. Hringur er jákvæðasta og besta manneskja sem Lína þekkir og hann verður örsjaldan reiður eða pirraður.

3.

Öldurnar dansa allt í kringum þau. Hringur situr í bátnum miðjum hjá litlu systur þeirra, þeim Önnu og Betu. Þær stara galopnum augum á grængolandi hafið. Hann heldur þéttingsfast utan um þær. Stúlkurnar eru ekki nema rétt rúmlega fjögurra ára gamlar og það þarf enginn að velkjast í vafa um að þær eru líka tvíburar. Þær líta nánast alveg eins út, með sömu brúnu augun og ljósa krullaða hárið. Auk þess eru þær eldfjörugar, kátar og hressar hvað sem á dynur. Það er því full ástæða til að halda fast í þær meðan á sjóferðinni stendur, annars getur farið illa. Hringur á fullt í fangi með að passa stelpurnar. Þær eru svo litlar og vitlausar. Þær eru líka ringlaðar og skilja auðvitað ekki almennilega hvað er í gangi. Enda er það ekkert undarlegt. Í raun rétttri ættu þær á þessari stundu að liggja steinsofandi heima í litlu rúmum sínum undir dúnmjúkri sæng.

En í nótt er ekkert eðlilegt. Allt er öðruvísi en venjulega ... og kannski verður aldrei neitt alveg eðlilegt á ný.

„Passaðu þig! Þarna kemur stærðarinnar alda!“ æpir Hringur og grípur um leið enn fastar utan um stelpurnar. Það væri hrikalegt að missa þær í sjóinn! Hvað myndu þau þá gera?

4.

Í rökkrinu sér hann hvar Lína stendur með krókstjakann og hvernig henni tekst fimlega að forða því að aldan gusist yfir þau. Hún sveigir fram hjá tveimur smáskerjum í leiðinni. Hringur dáist að henni. Hún er sko góð í þessu!

„Ógeðslega var þessi stór!“ æpir hún æst. „Og ... Vaaáá! Sjáðu þessa næstu! Úff, hún er *ennþá* stærri!“ Lína stendur gleiðfætt, tilbúin að mæta næstu öldu. Hún er einbeitt en líka svolítið skelkuð á svip.

„Þetta er svo æðislega góður bátur hjá okkur, Lína! Happadísin hlýtur að standast þetta!“ kallar Hringur uppörvandi til hennar gegnum öldugnýinn.

En Lína hefur engan tíma til að svara. Kannski heyrir hún ekki einu sinni í honum. Það er vissara að hafa athyglina í lagi, hér er svo mikið af skerjum sem gætu hæglega malað Happadísina mélinu smærra ef hún lenti harkalega á þeim. Sér í lagi hérna næst landi. Það er því eins gott að þau komi sér sem allra fyrst lengra út á hafið. Lína notar langan stjakann og alla sína krafta til að fleyta þeim áfram. Smám saman fækkar skerjunum og allt í einu nær stjakinn ekki lengur til botns. Þá er ekkert gagn í honum lengur og ekki um annað að ræða en grípa til áranna og róa af alefli.

5.

Lína skorðar stjakann vel svo hann detti ekki útbyrðis. Þau munu örugglega þurfa á honum að halda aftur síðar. Svo sest hún við hliðina á Hringi og grípur Betu í fangið. Hringur heldur ennþá utan um Önnu. Þau sitja nú hlið við hlið og klemma fótleggina utan um litlu stelpurnar til að halda þeim föstum. Svo grípa þau hvort sína árina og hefja róðurinn með samstilltum áratogum. Þetta er þaulskipulagt hjá þeim, þau hafa æft þessi handtök oft og mörgum sinnum.

Leiðin sem þau ætla í kvöld er löng fyrir lítinn bát og hún getur reynst stórhættuleg í myrkrinu! En það eru fleiri hér á ferð því aftan í Happadísinni hangir örsmá bátsskel sem skoppar til og frá í öldurótinu eins og korktappi. Þetta er nú bara hálfgerður bali en í honum eru samt tveir farþegar til viðbótar. Það eru geitin Góða og litli kiðlingurinn hennar. Þau eru vel og vandlega tjóðruð við handföng balans. Það er þröngt um þau og ekki hægt að segja að vesalings skepnurnar séu sérlega ánægðar með þetta ferðalag. En þeim finnst þó gott að anda að sér fersku sjávarloftinu eftir alla reykjarstybbuna og eiturloftið heima í Dalnum.

6.

Geitamamma stendur sig eins og hetja. Hún hvílir framlappirnar á brún balans, reisir höfuðið og hnusar virðuleg upp í vindinn. Hún horfir hvössum augum út á hafið. Það er engu líkara en það sé hún sem stjórnir þessu öllu saman og ráði stefnunni. Kiðlingurinn er ekki alveg eins hress. Hann liggur hríðskjálfaði á vænni heytuggu á botni balans. Hann bíður óttasleginn þess sem verða vill. Af og til berst frá honum mjóróma og skerandi jarm út í nóttina. Kannski er hann sjóveikur, greyið.

En hvernig stendur á þessu ferðalagi?

Hvað eru þessi fjögur systkini með tvö húsdýr í eftirdragi að þvælast á frumstæðum, heimasmíðuðum báti úti á ólgusjó í myrkri um miðja nótt?

Þau búa í dal sem heitir Fagridalur og hann er svo sannarlega fallegur, það vantar ekki. Hann er umlukinn háum, tignarlegum fjöllum og sjórinn glitrar og gjálfrar í fjöruborðinu. Eftir dalnum miðjum liðast áin lygn og fögur og rennur út í sjó. Geitur, kindur og kýr eru á beit í grænum hlíðum og marglitar hænur gagga í húsagörðum. Staðurinn er dásamlegur! Hann er líkastur paradís á jörðu og þarna ætti öllum að geta liðið vel.

En svo er þó alls ekki! Ekki lengur!

7.

Nú er svo komið að það er nánast ólíft í Fagradal. Ástandið hefur farið hríðversnandi og er orðið alveg óþolandi! Því fullorðna fólkinu í þessum fallega dal, og þar á meðal foreldrum Hrings og Línu, er ekki treystandi lengur. Það hefur brugðist!

Áin sem rennur eftir dalnum endilöngum og skiptir honum í tvennt fékk einhvern tíma nafnið Silfra. Það nafn hæfði henni vel því hún var svo kristaltær og glitrandi. Á sólskinsdögum var vatnið í henni einna líkast fljótandi silfri. Þar svömluðu endur og svanir, himbrimar og flórgoðar og þar var hægt að krækja sér í silung og stundum lax.

Í Fagradal standa tvö allstór þorp hvort á sínum árbakkanum. Þau heita Vesturhlíð og Austurhlíð.

Fjölskylda Hrings og Línu hefur átt heima á vestari bakkanum frá því elstu menn muna. Fólkið sem býr á eystri bakka árinna hefur líka átt heima þarna lengi, lengi. Samskiptin milli fólksins í þorpunum tveimur voru vinsamleg og góð og í sameiningu byggðu þau stórglæsilega brú yfir ána. Eftir það var miklu auðveldara að skiptast á varningi og eiga ýmiss konar samskipti.

Í Vesturhlíð var blómlegur matvælaíðnaður. Þar voru til dæmis framleiddir gómsætir geitarostar og hænurnar þar verptu sérdeilis kraftmiklum og bragðgóðum eggjum.

8.

Íbúar Austurhlíðar sérhæfðu sig hins vegar í að búa til dáindis falleg föt úr ull og skó úr leðri. Menn gátu því skipst á varningi og allir voru glaðir og ánægðir. Fullorðna fólkið heimsótti hvert annað og það var talsverð umferð yfir brúna því menn fóru oft á tónleika og sýningar hjá nágrönnunum. Krakkarnir hlupu eða hjóluðu yfir brúna til að leika við þá sem bjuggu hinum megin.

Bestu vinir Hrings og Línu voru systkinin Reynir og Björk í Austurhlíð. Þau brölluðu ýmislegt skemmtilegt saman, fóru í ævintýraleiki og busluðu í ánni á góðviðrisdögum.

Lífið var sannarlega dásamlegt!

En svo breyttist allt!

Skyndilega upphófust gríðarlegar deilur í Fagradal. Deilurnar snerust um *Hólmann* sem er úti í miðri ánni. Reyndar búa víst einhverjar hræður þar en það fólk er fátækara en aðrir íbúar Fagradals og hefur nær engin samskipti við hina. Þau eiga víst ekkert sem aðra langar í og heldur ekki neina peninga til að kaupa fyrir geitarost eða egg, föt eða skó af fólkinu í Vesturhlíð og Austurhlíð.

Vandræðin upphófust dag nokkurn þegar hópur vísindamanna kom í dalinn. Þeir höfðu meðferðis alls konar flókin og skringileg mælitæki sem þeir fóru með um allan dal.

9.

Íbúarnir fylgdust forvitnir með og brátt fór að kvisast út, bæði í Austurhlíð og Vesturhlíð, að vísindamennirnir hefðu uppgötvað dýrmæta auðlind úti í Hólmanum í miðri ánni. Að þar væri í jörðinni afar sjaldgæfur og verðmætur málmur sem er eftirsóttur út um allan heim og mikilvægur við framleiðslu á alls kyns dýrum tæknivarningi sem allir vilja eiga.

Þá var friðurinn úti!

Það kom nefnilega í ljós að bæði Vesturhlíðar- og Austurhlíðarfólkið taldi sig eiga Hólmann og allt sem honum fylgir. Ekki leið á löngu þar til það upphófust gríðarlegar deilur og rifrildi. Menn hættu alveg að geta umgengist þá sem bjuggu hinum megin við ána. Fyrst voru þeir bara dónalegir og leiðinlegir hver í annars garð en síðan fóru íbúarnir að haga sér enn verr! Allt logaði í blóðugum slagsmálum og stypingum. Að lokum var barist um Hólmann.

Það var skollíð á stríð!

Á endanum var brúin rífin. En Austurhlíðingar voru hins vegar fljótir til og byggðu sér nýja brú frá bakkanum sín megin og yfir í Hólmann. Þá rauk Vesturhlíðarfólkið upp til handa og fóta og gerði slíkt hið sama frá sinni hlið. Vopnaðir verðir, gráir fyrir járnum, voru látnir gæta brúnna og þeir gerðu allt sem þeir gátu til að koma í veg fyrir að fólk frá gagnstæðum bakka kæmist yfir í Hólmann.

10.

Krakkarnir í þorpunum tveimur sitt hvorum megin árinna höfðu alltaf verið góðir vinir. Alveg frá því að þau voru pínulítill. En nú var svo komið að þeim var bannað að leika sér saman. Hringur og Lína, sem voru vön að hjóla yfir brúna á hverjum einasta degi til að heimsækja Reyni og Björk, gátu það ekki lengur.

Allt breyttist ... brúin hvarf og vinirnir urðu að óvinum!

Fjöllin umhverfis Fagradal horfðu lúpuleg á fólkid og áin Silfra grét.

Hringur og Lína vissu ekki nákvæmlega fyrir fram hvenær þau myndu láta til skarar skríða. Þau vissu ekki að þau myndu leggja í hann einmitt núna í kvöld. En þau höfðu undirbúið sig vel og lengi og voru fullkomlega tilbúin að fara af stað hvenær sem væri. Það var svo sem alveg augljóst hvert stefndi. Ástandið heima fyrir hafði smám saman orðið þannig að ekki var um neitt annað að ræða en að stinga af.

Foreldrar þeirra voru ekki lengur viðræðuhæfir. Það komst ekkert að hjá þeim nema bollaleggingar um hvernig best væri að eyðileggja sem mest fyrir keppinautunum, losna endanlega við þá og eignast svo hina dýrmætu málma í Hólmanum. Það var eins og þau myndu ekki lengur eftir því að þau ættu börn.

11.

Það var ekki búandi við þetta lengur! Þetta var orðið óbærilegt!

Það var Lína sem nefndi það fyrst að réttast væri að þau færu. Tækju saman föggur sínar og legðu af stað ... bara *eitthvert* burt. Legðu á flóttu!

Hringi leist undireins vel á hugmyndina. Hann var orðinn svo uppgefinn á þessu öllu að hann var meira en til í að stinga af. En svo fór hann að hugsa um litlu stelpurnar, systur þeirra.

„En Lína,“ sagði hann. „Hvað verður um Önnu og Betu ef við förum? Við getum ekki bara skilið þær eftir herna! Ef ástandið er of slæmt fyrir okkur, þá er það sko ekkert skárra fyrir þær!“ Svo velti hann þessu fyrir sér ofurlitla stund. „En ég er alveg til í þetta ef þær fá að koma með okkur!“

Lína leit á hann þung á brún og svaraði ekki strax. Eins og oft áður vissi Hringur nákvæmlega hvað var að brjótast um í höfðinu á henni: Nei, það gengur ekki! Það er allt of mikið vesen að taka smábörn með í svona ferð ... en hmmm, á hinn bóginn ... jú, auðvitað hefur Hringur rétt fyrir sér ... eins og alltaf

„Allt í lagi!“ dæsti hún loks. „Gerum það þá. Við tökum þær með!“

12.

„En hvað eigum við að gera ef pabbi og mamma hringja í okkur og skipa okkur að koma aftur heim?“

„Það er mjög einfalt mál!“ svaraði Hringur. „Við skiljum bara símana okkar eftir. Þá ná þau ekki sambandi við okkur!“

Lína lyfti brúnum og horfði á hann. Henni fannst skringileg tilhugsun að vera símalaus. En auðvitað var þetta alveg rétt hjá Hringi. Ef þau ættu að sleppa héðan yrðu þau að slíta á öll tengsl.

„Ókei þá,“ svaraði hún. „En hvert ættum við að fara? Ertu með einhverja góða uppástungu?“

Þetta var góð spurning. Hringur og Lína lögðust yfir landakortið. Möguleikarnir voru svo sem ekki ýkja margir. Fjöllin umhverfis dalinn þeirra eru himinhá og vopnaðir verðir gættu vandlega leiðanna sem liggja þaðan um þröng fjallaskörðin. En eftir vandlega íhugun benti Hringur að lokum á Skuggasker.

Lína horfði stórum augum á hann.

„En ... en það fer aldrei neinn þangað! Er það ekki hættulegt? Og allt of *draugalegt*?“

13.

En aftur að sjóferðinni. Þau taka hressilega í árarnar og róa allt hvað af tekur. Báturinn þokast áfram, hægt og bítandi. Anna og Beta syngja hástöfum. Af og til reyna þær að rífa sig lausar þótt þær séu samt furðurólegar. Þær skilja ekki neitt í neinu en finna þó á sér að nú er eitthvað alvarlegt á seyði. Að þetta er ekki allt bara spennandi leikur. Systkini þeirra hafa undirbúið þær eins vel og hægt er án þess að segja of mikið. Þær máttu nefnilega alls ekki kjafta frá. Þau æfðu sig nokkrum sinnum í að róa með þær skorðaðar svona á milli fótleggjana. Stelpurnar eru því orðnar vanar þessu og það bjargar miklu. En nú má ekkert slóra! Áfram skal haldið!

Báturinn er kominn langt frá landi. Þeim finnst þau hafa róið í heila eilífð, þau verkjar í handleggina og eru örþreytt. Þótt vorið sé farið að láta á sér kræla er samt enn fremur svalt í veðri. Sem betur fer er þeim þó alls ekkert kalt því öll eru þau vel búin ... í ullarfötum innst og vatnsheldum flíkum utan yfir. Línu og Hringi hitnar líka hressilega þegar þau hamast við róðurinn. Þau eru satt að segja orðin kófsveitt. Á höndunum hafa þau þykka og góða hanska svo þau fái ekki blöðrur í lófana af núningnum við árarnar.

14.

En engir hanskar geta þó útilokað þreytuna sem sækir stöðugt á. Balinn með geitunum léttir heldur ekki róðurinn. Brátt verða kraftar þeirra á þrotum. Hvað skyldu þau halda lengi út? Hvað eru þau komin langt ... og hversu langt er eftir?

„Æi!“ segir Lína loks. Hún er orðin uppgefin og hættir að róa. Það sést ekki enn í land hinum megin. „Kannski getum við þetta ekki, Hringur. Kannski er þetta alltof erfitt fyrir okkur eftir allt saman.“

Hringur lítur á hana og hættir líka að róa. Ef hann rær bara sín megin fer báturinn fljótlega að snúast í hringi og það er nú óþarfi að eyða orkunni í svoleiðis vitleysu.

„Úff! Kannski er þetta of erfitt, já,“ svarar hann og kastar mæðinni. „En við eigum samt engra kosta vól. Við verðum að halda áfram! Við getum ekkert annað. Nú er of seint að snúa við. Það er nefnilega alveg jafn erfitt að róa aftur til baka ... og heima bíður okkar ekkert nema hættur og leiðindi!“

„Leiðindi, leiðindi!“ söngla Anna og Beta í kór og svo skellihlæja þær og pota hvor í aðra. Þær reka út úr sér tunguna og sleikja út um til að finna saltbragðið sem sjórinn hefur gusað á þær. Þær skemmta sér þrýðisvel í bátsferðinni og eru ekkert þreyttar ... enda þurfa þær heldur ekki að reyna neitt á sig.

15.

Geitin Góða jarmar í balanum og það er engu líkara en hún sé að hvetja Hring og Línu til dáða. Segja þeim að halda áfram.

Það nægir! Lína bítur á jaxlinn og grípur með báðum höndum þéttingsfast um árina sína. Systkinin líta einbeitt hvort á annað, stilla saman áratogin og halda áfram að róa. Happadísin þokast hægt og bítandi áfram. Öldurnar skvettast við og við yfir hana og vaggja henni upp og niður.

Drjúgri stundu og mörgum svitadropum seinna stöðva þau róðurinn aftur og rýna út í myrkrið. Þau hvessa augun í áttina að markmiði sínu í hundraðasta skipti. Í átt að áfangastaðnum!

„Hey! Ég sé í land!“ hrópar Beta þá allt í einu og bendir. Hún slítur sig lausa og Lína þarf að hafa sig alla við til að grípa hana áður en hún fellur útbyrðis. Baturinn vaggar og Beta missir jafnvægið. Hún dettur á rassinn.

„Ég líka! Ég sé líka land!“ æpir Anna, því auðvitað vill hún alls ekki vera minni maður en Beta.

Lína einblínir út í nóttina ... og þá sér hún það líka. Þær litlu hafa á réttu að standa! Þarna grillir í kolsvarta, klettótta strönd. Hún er enn dekkri en hafið.

16.

Lína sprettur á fætur, réttir Hringi árina sína og grípur krókstjakann á ný. Já, það er ekki um að villast, hér er grynna og hún finnur strax að stjakin nær til botns. Hringur passar vel upp á bæði árarnar og stelpurnar á meðan Línu tekst smám saman í ákafa sínum að fleyta bátnum áfram með krókstjakanum. Fram hjá öllum hættulegu skerjunum og inn í litla vík sem skyndilega blasir við og býður þau velkomin!

Línu gengur vel að beina bátnum inn í víkina. Hún er sannur snillingur með báta. En vegna myrkursins er erfitt að greina hvernig landið er sem tekur á móti þeim. Þau hafa aldrei áður stigið fæti á þetta stóra sker, aðeins horft hingað úr fjarska. Þá hafa þau séð himinháa og tröllslega kletta og talsvert lengra til austurs sýnist vera skógur. Nú, þegar báturinn er kominn svona nálægt, sést að fjaran er stórgrýtt. Þarna lúra miklir, þangi vaxnir steinar sem eru ekki árennilegir. En svo kemur ofurlítill sandfjara í ljós og þangað beinir Lína nú bátnum þeirra.

Það er ósegjanlega góð tilfinning og gífurlegur léttir að finna þegar báturinn lendir mjúklega á sandinum og vita um leið að þau hafa sloppið við allt grjótið og skerin. Happadísin er óskemmd og hún hefur skilað þeim heilum að landi.

17.

Lína og Hringur bíða ekki boðanna. Þau stökkva strax úr bátnum og ösla hvort með sína stelpuna í land. Nú kemur sér sannarlega vel að vera í gúmmístígvélum. Hringur kveikir á vasaljósinu og teymir svo Önnu og Betu að einum af stóru steinunum ofar í fjörinni. Þar lætur hann þær setjast.

„Bíðið þið hérna alveg grafkyrrar á meðan við Lína drögum bátinn upp á land,“ segir hann. „Ekki gera neina vitleysu núna!“

Þarna kúra þær hálfskelkaðar og haldast í hendur á meðan þau koma bátnum á þurrt. Lína bindur síðan Happadísina tryggilega fasta. Geiturnar rísa hikandi á fætur í balanum og svo stökkva þær á land, frelsinu fagnar. Hringur hefur þær áfram í bandi því geitur eru til alls vísar og vissara að hafa hemil á þeim, að minnsta kosti á meðan það er svona dimmt. Annars gætu þær stokkið af stað og horfið út í náttmyrkrið.

„Okkur tókst það!“ segir Lína þegar balinn er líka kominn upp á þurrt land. Hún baðar út handleggjunum og rekur upp stríðsöskur.

„Við erum sloppin frá Fagradal! Loksins, loksins, LOKSINS! Sloppin burt úr öllum leiðindunum! Við erum FRJÁÁÁLS!“

18.

Anna og Beta eru ekki seinar að taka undir með henni. Þær renna sér ofan af steininum og hoppa og dansa í kringum hana. Þegar Hringur hefur fest tjóðurband geitanna kirfilega milli steina getur hann ekki heldur setið á sér. Þau æpa af gleði og feginleik! Þau skottast hring eftir hring í fjörunni. Geiturnar eru þó enn fullar efasemda. Hvað er eiginlega hlaupið í mannskapinn?

Lína og Hringur líta líka í kringum sig. Geisli vasaljóssins drífur ekki langt. Það er allt of dimmt til að hægt sé að finna góðan svefnstað núna. Eftir smá umhugsun draga þau því bátinn enn hærra upp á land, eins langt og hægt er fyrir grjótinu. Þau taka yfirbreiðsluna af farangrinum og nota hann sem nokkurs konar tjald ofan á bátinn. Þau verða svo að skríða upp í hann og sofa þar. Það er ekki um annað skjól að ræða þessa fyrstu nótt. Litlu stelpurnar kúra sig saman hlið við hlið. Þær sofna um leið og þær leggjast undir tjaldið. Geiturnar eru hjá þeim og veita bæði hlýju og skjól.

Lína og Hringur reyna eftir mætti að koma sér þægilega fyrir hjá þeim. Þau eru dauðþreytt en ætla að skiptast á að sofa. Það er vissara að vera á verði.

Ekkert heyrist nema ölduniður hafsins og það er engu líkara en þau séu ein í heiminum.

Svo er þó alls ekki ... því lengra uppi á skerinu er fylgst með þeim úr launsátri!

Önnur umferð: Ljóð eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson

Inngangur kynnis

Ólafur Jóhann Sigurðsson fæddist að Hlíð í Garðahverfi á Álftanesi árið 1918 og því minnumst við hundrað ára afmælis hans á þessu ári. Hann fluttist með foreldrum sínum austur í Grafning og þar ólst hann upp og tók fullan þátt í búskapnum. Í Grafningnum var enginn skóli eins og við þekkjum núna, börnin gengu í farskóla nokkra mánuði á vetri, sem var á ýmsum stöðum í sveitinni. Um leið og Ólafur lærði að lesa varð hann strax mikill bókaormur og las bæði íslenskar og erlendar bækur. Hann dreymdi snemma um að verða skáld og lét drauminn rætast með bókinni *Við Álftavatn*, sem kom út þegar hann var sextán ára. Ólafur hefur síðan skrifað fjölda verka, skáldsögur, smásögur og ljóð. Hann fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1976 fyrir ljóðabók sína, *Að brunnum*. Ólafur lést árið 1988.

Nemendur geta nú valið milli tíu ljóða Ólafs Jóhanns en þau eru:

Geimferð	Ár barnsins: 1979
Á tvímánuði	Hendur
Minning um þvottadag	Við skulum róa í rökrinu
Gamlar vísur um blóm	Í þrastaskógi
Kýrnar	Á vordegi

Óhjákvæmilegt er að nokkrir flytjendur lesi sama ljóðið, en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

Góða skemmtun!

Geimferð

Ég heyrði bylgjóttan nið af norðurljósum.
Nóttin var svöl og heið: ég brunaði meðfram
gulum og rauðum, grænum og bláum fossum,
geystist svo fram úr þeim á leið til tungls.

Á öðrum fæti fór ég umhverfis skjöldinn
og fékk ekki hamið mig, kunni mér ekki læti,
skautaði hálfboginn himinsins glæru ísa
hraðara en fugl — og blés þó ekki úr nös.

Ég fleygðist milli fjarlæggra stjörnumerka,
uns fjósakonurnar¹ ljósglaðar stugguðu við mér.
Þá flýtti ég mér til föðurhúsanna aftur
og fossunum þjótandi mætti á leiðinni heim.

(Mig dreymir bylgjóttan nið af norðurljósum,
en nú eru gömlu skautarnir mínir týndir.)

¹ *fjósakonurnar*: Þrjár stjörnur í áberandi beinni röð í störunumerkinu Óríon.

Á tvímánuði

Þýtur í kjarri kvöldsins blær,
kólnar á hljóðum leiðum.
Dumbrauðum lit á lyngið slær
ljómi frá vesturheiðum.

Fegurstu árin eyddust skjótt
eins og þau brynnu á glóðum.
Einn er á gangi undir nótt
aftur á fornum slóðum.

Einn er að spyrja sjálfan sig,
svarar því hjartað fáu,
— það er víst hætt að hugsa um mig
handan við fjöllin bláu.

Minning um þvottadag

Hún móðir mín sæl þvær lín¹ í læk
á litlu koti í smáum hreppi.
Á bæjarstéttinni situr seppi
og sveitina virðir fyrir sér.
Heimalningsgimbur, h nubba² spræk,
hoppar í galsa á mjúkum bala.
Jaðraki er við tjald að tala
og tekur víst lítið eftir mér.

Öngvum er þessi lækur líkur,
hann lofar mömmu að þvo í hyl,
hagræðir straumnum henni í vil
og hróðugur kveður langan brag,
blár sem heiðloftið hér um bil,
— þar hanga til þerris aðrar flíkur.
Því guðsmóðir einnig svo góðan dag
greip til að koma öllu í lag.

¹ *lín*: sængurföt

² *h nubba*: gimbur sem hefur gaman af að stangast eða hnoðast

Gamlar vísur um blóm

Undir dumbrauðum kvöldhimni drúpir¹ eitt blóm
með daggir á hálfvöxnum fræjum.
Og senn kemur haustnótt á héluðum skóm
og hjúpar það svalköldum blæjum.

Því veðrið er annað en var hér í gær
og vorið og sumarið liðið.
Hinn nafnlaus brunnur mun niða þér fjær,
hitt nálgast sem fyrir var kviðið.

Þú hræðist ei lengur þinn hlut og þinn dóm,
en hjarta þitt glúpnar² og viknar:³
Undir dumbrauðum kvöldhimni drúpir eitt blóm,
— það deyr kannski í nótt og bliknar.

¹ *drúpa*: lúta höfði, hneigja höfuðið

² *glúpna*: láta undan, missa kjarkinn

³ *vikna*: liggja við gráti, verða aum

Kýrnar

Búkolla mín, blessuð skepnan,
brakinklaufa¹ traðir kjagar,
síðan Skrauta og græna glefsu

grípur í sig annað veifið.
Á hæla Skrautu gengur Grána,
gervileg á sínu kjagi,
júgursíð og malamikil,²
mjólkurlind og hyrnd að auki.
Á eftir Gránu kusi kjagar,
kálfurinn hennar granablautur.³
Á eftir kusa kjaga ég,
kuggur í peysu og raula vers.

Af hverju man ég enn í dag
eftir þessu sumarkvöldi,
eftir þessu kúakjagi,
klaufabraki í moldartröðum?
Af hverju fer ég enn að raula
eins og forðum sálmalag?

¹ *brakinklaufa*: með klaufir sem brakar í

² *malir*: aftasti hluti hryggjar, spjaldhryggur, yfirleitt á nautgrip

³ *granir*: trýni, snoppa

Ár barnsins: 1979

Langt er til tunglsins
og langt til stjarna
sem leiftra á himinbrautum.
En stutt er til barna,
blakkra og hvítra,
sem bíða líknar í þrautum.

Eða er þessu kannski
á okkar tímum
öfugt farið,
með válegum hætti
í veröld allsnægta –

Veist þú svarið?

Hendur

Ég legg aftur augun og horfi á hendur þínar,
hnúa, fingur og æðar: sérhvern drátt
erfiðishanda; og undrast styrk þeirra og mátt,
þá iðni og seiglu sem skort hefur hendur mínar.

Ég horfi á þær starfa: kreppast um kilp¹ og hrífu
eða klappið hjá læknum; þrífa, bæta og staga,
spinna og þrjóna úr ullinni ár og daga,
elda á hlóðum, snúa kveiki úr fífu.

Ég sé þeim förlast, að taugunum slitnum og slökum,
þó slokknar ekki kærleikinn sem þeim stjórnar:
þær strjúka um vanga af mýkt þeirrar mildi og fórnar
sem mundi seint verða lýst í fáeinum stökum.

Hendur þínar. Hendur genginna lýða.
Hendur mæðra sem urðu að þjást og stríða.

¹ kilpur: (tré)handfang á fötu

Við skulum róa í rökkriinu

Við skulum róa í rökkriinu
á rúmunum okkar heima.
Saman skulum við syngja þar,
syngja þar og dreyma.
En upp við háu hamrana
huldar vættir sveima.

Raulum, kveðum lítil ljóð,
ljósar, kátar bögur.
Hlustum síðan hugfangin
á huldufólksins sögur.
Og okkur verða kvöldin kær,
kyrrlát, ljúf og fögur.

Við skulum róa í rökkriinu
á rúmunum okkar heima.
Saman skulum við syngja þar,
syngja þar og dreyma.
Og mál og stef við mánaskin
í minningunni geyma.

Í Þrastaskógi

Angan af björk og ekkert kyrrðina rýfur:
Ég yrki og þykist laða í stökurnar hljóð,
uns önnur kliðan og unaðarfyllri svífur
andartaksstund um rjóður, lauf og blóm.

Hver söng þar? Já hver skyldi það vera?
„Hver nema blærinn,“ svarar lítill fugl
og horfir á mig: „Hvað ert þú að gera?
Hættu nú, góði, að pára þetta rugl!“

Þú yrkir vísast eins vel og þú getur
um ýmislegt sem fyrir sjónir ber.
Samt kveða frændur, blær og söngfugl, betur
um blóm og runna, skal ég segja þér!“

Sá litli hefur lög að mæla. Og þó
ljóða ég enn um stund á blóm og skóg.

Á vordegi

Grundin eignast gullinn fífil,
geisla fingur hlýir strjúka
lambakóng¹ með lítinn hnýfil,²
lambagrasíð rauða og mjúka.

Vappar tjaldur, vellir spói,
verpir í broki³ mýrispýta.⁴
Bráðum kveikir fenjaflói
fífublysið mjallahvíta.

Bráðum mun í morgunstillu
meðan þokan kveður dranga
ljósberi hjá lágri syllu
lyfta kolli til að anga.

Blíða daga, bjartar nætur
bugðast á með tærum hyljum
eftir laut sem litlir fætur
lásu forðum berum iljum.

¹ *lambakóngur*: fyrsta hrútlamb vorsins

² *hnýfill*: lítið horn á lambi

³ *brok*: klófífa, vex í mýri

⁴ *mýrispýta*: hrossagaukur